

Konur í stjórnámálum

Tenglasafn tengt stjórnmalapáttöku kvenna og árangri stefnumótunar Evrópuþingsins um aukið jafnrétti kynja

Tenglasafnið er þýðing og staðfæring á tenglasafni sem gefið var út af rannsóknþjónustu Evrópuþingsins og birt með þeirra leyfi.

Eitt af forgangsmálum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) eru aðgerðir sem stuðla að auknu jafnrétti kynja. Aðgerðirnar snúa meðal annars að aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaði og fjárhagslegu sjálfstæði, að draga úr kynbundnum muni á tekjum og lífeyrisréttindum, að sjónarmið jafnréttis séu sýnileg í ákvarðanatöku, baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og að vekja athygli á mikilvægi jafnréttis kynja um heim allan. Á þessu ári var kosið til Evrópuþingsins og í tilefni af Alþjóðabaráttudegi kvenna þann 8. mars 2019 var á vegum þingsins vakin sérstök athygli á konum í stjórnámálum.

Rannsóknþjónusta Evrópuþingsins tók þá saman rannsóknir, skýrslur, tenglasöfn og annað upplýsingaefni. Hægt er að smella á titil hverrar útgáfu til að nálgast hana á ensku á vef þeirra.

[Stjórnmalakonur í Evrópusambandinu](#)

Eftir Rosamund Shreeves og Martina Prpic ásamt Eulalia Claros, mars 2019

Í samantektinni er tölfræði um stjórnmalapáttöku kvenna og þann mun sem er á fjölda karla og kvenna meðal kjörinna fulltrúa. Helstu hindranir fyrir þátttöku eru nefndar auk leiða sem hafa verið farnar til að auka hlutfall kvenna. Þá er greint frá rannsóknum á áhrifum fjölmiðlaumfjöllunar á árangur kvenna í kosningum og farið yfir aðgerðir sem Evrópuþingið greip til í aðdraganda kosninga til þingsins árið 2019.

[Konur á þjóðþingum](#)

Eftir Martina Prpic, Giulio Sabbati og Samy Chahri, febrúar 2019

Hér eru settar fram upplýsingar á myndrænan hátt um hlutfall kvenna á þjóðþingum um heim allan, ásamt samanburði við hlutfall kvenna á Evrópuþinginu í gegnum tíðina. Einnig er yfirlit um hlutfall kvenna á Evrópuþinginu eftir löndum. Í ítarefni er greint frá kynjakvótum sem eru í gildi í einstökum löndum vegna kosninga til þingsins 2019.

[Konur í sveitarstjórnnum](#)

Eftir Vasileios Margaras, mars 2019

Því hefur verið haldið fram að fyrir konur, sem vilja hasla sér völl í stjórnámálum, sé sveitarstjórnarstigið sá vettvangur sem nýtist þeim sem fyrsta skref í átt að frekari stjórnmalapáttöku á landsvísi. Í þessari samantekt um konur í sveitarstjórnnum er þó sýnt fram á að það er oft ekki auðvelt fyrir konur að komast að sem kjörnir fulltrúar á því stigi og hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum í aðildarríkjum ESB er aðeins 33%. Þó hlutfallið þokist almennt upp á við hefur hlutfallið þó lækkað í talsvert mörgum aðildarríkjum ESB. Í samantektinni er farið yfir hindranir fyrir þátttöku og leiðir sem farnar eru í ýmsum löndum til að auka þátttöku kvenna.

[Konur í stjórnámálum: Alþjóðlegt samhengi](#)

Eftir Joanna Apap, Eulalia Claros og Ionel Zamfir, febrúar 2019

Með því að rýna í gögn um konur í leiðtogahlutverki í stjórnámálum er reynt að leggja mat á árangur í átt að markmiði 5.5 í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um að tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi. Í samantektinni eru upplýsingar um hlutfall kvenna sem gegna stöðu forseta og forsætisráðherra víða um heim í samanburði við Evrópulönd ásamt sambærilegum upplýsingum um sveitarstjórnarstigið síðustu 20 ár.

[Samþætting kynja-og jafnréttissjónarmiða í Evrópusambandslöndum: Staða mála](#)

Eftir Rosamund Shreeves, janúar 2019

Þegar ESB lagði kynjasamþættingu (e. gender mainstreaming) fram sem hina opinberu stefnu í átt að jafnrétti kynja, vakti það vonir um að í vændum væri hratt breytingaferli í átt að raunverulegu jafnrétti kynjanna. Tveimur áratugum síðar er brotakernd innleiðing þvert á málaflokka og stofnanir eitt mesta áhyggjuefnið. Evrópuþingið leggur reglulega mat á árangur sinn í þessum efnum. Í janúar 2019 var tekin upp samþykkt þar sem áhersla er lögð á mikilvægi þess að bæta núverandi stöðu hvað varðar hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa og starfsfólks Evrópuþingsins. Í samantektinni er einnig farið yfir þær aðgerðir sem mælst er til að innleiddar verði á kjörtímabilinu 2019-2024.

[Stefna Evrópusambandsins – Árangur fyrir borgara: Aukið jafnrétti karla og kvenna](#)

Eftir Martina Prpic og Rosamund Shreeves ásamt Alina Dobrova, október 2018

Í þessari skýrslu er farið almennt yfir stöðu jafnréttismála innan ESB og þá staðreynd að á allra síðustu árum hefur hægst á árangri í málaflokknum og afturför megi greina á sumum svæðum. Jafnrétti karla og kvenna verður áfram mikil áskorun samhliða þeim breytingum sem eru að verða í atvinnulífinu og nýrri tækni. Sagt er frá sérstökum aðgerðum, s.s. um kynbundinn launamun og jafnvægi vinnu og einkalífs, sem kynntar voru á árunum 2014-2019, ásamt því sem framundan er á sviði stefnumótunar Evrópuþingsins.

[Jafnrétti kynja í stafræna geiranum og fjölmiðlum](#)

Eftir Giulio Sabbati, Martina Prpic og Rosamund Shreeves, mars 2018

Stafræna byltingin er einnig félaglegt ferli sem ekki er kynhlutlaust. Hún getur verið leið til nýrra tækifæra fyrir konur eða fest í sessi ríkjandi kynjamisrétti. Rannsóknir á fjölmiðlum sýna jákvæða þróun en konur eru enn í minnihluta framleiðenda fjölmiðlaefnis og viðmælenda í fjölmiðlum. Að auki er algengara að umfjöllun um konur gefi ekki rétta mynd af stöðu þeirra, hvort sem er í fréttatengdu efni, kvikmyndum og öðrum geirum fjölmiðlunar. Í þessari myndrænu samantekt er einnig komið inn á menntun og störf í upplýsingatækni og þeim kynjamun sem þar virðist ríkja.

[Ofbeldi gegn konum í Evrópusambandslöndum: Staða mála](#)

Eftir Rosamund Shreeves og Martina Prpic, nóvember 2018

Ofbeldi gegn konum er brot á mannréttindum og er hluti af kynbundinni mismunun. Ofbeldið á sér margar birtingarmyndir, sem eiga rætur að rekja til ójafnréttis milli karla og kvenna. Mat á umfangi ofbeldisins er sláandi. Ofbeldi hefur mikil áhrif á þá sem fyrir verða og veldur miklum kostnað fyrir samfélagið. ESB hefur reynt að taka á vandanum með ýmsum hætti en engin bindandi áætlun um að verja skuli konur gegn ofbeldi er í gildi. Evrópuþingið hefur lagt áherslu á að flýta stefnumótun um málefnið. Í skýrslunni er vandinn einnig skoðaður á heimsvísu.